

STJÓRN ORKUVEITU REYKJAVÍKUR

Ár 2024, mánudaginn 16. desember kl. 14:15 var haldinn 359. fundur í stjórn Orkuveitu Reykjavíkur. Fundurinn var haldinn að Bæjarhálsi 1, og um fjarfundabúnað.

Fundarfólk: Gylfi Magnússon, Vala Valtýsdóttir, Sara Björg Sigrðardóttir í fjarveru Skúla Þórs Helgasonar, Ragnhildur Alda María Vilhjálmsdóttir, Þórður Gunnarsson, Valgarður Lyngdal Jónsson og Guðveig Eyglóardóttir.

Einnig tóku Sævar Freyr Þráinsson, forstjóri og Snorri Hafsteinn Þorkelsson þátt í fundinum.

Fundarritari var Elín Smáradóttir.

Petta gerðist:

1. Forstjóri og stjórnarfolk gerðu grein fyrir samskiptum milli stjórnarfunda. Yfirlit forstjóra þar um, dags. 16.12.2024 lagt fram.
2. Fundargerð stjórnarfundar SF358 lögð fram. Fundargerðin samþykkt og verður send til rafrænnar undirritunar stjórnar.
3. Framkvæmdastjóri fjármála gerði grein fyrir stöðu fjármögnunar.

Umboð og samningur við Arion banka vegna verðbréfaþjónustu lagður fram, samþykktur og undirritaður.

Rekstrarhættuskýrsla lögð fram ásamt skýringum á breytingum.

4. Klukkan 14:30 mætti Edda Sif Pind Aradóttir, framkvæmdastýra Carbfíx ásamt Erling Tómassyni, fjármálastjóra Carbfíx, til fundarins og kynntu ásamt forstjóra og framkvæmdastjóra fjármála eftirfarandi tillögu um fjármögnun og hámarkun verðmætasköpunar Carbfíx, dags. 16.12.2024. Tillögunni fylgir greinargerð:

Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur samþykkir að hækka lánalínu fyrirtækisins til Carbfíx um 5 ma.kr. og að línun, ásamt núverandi lánalínum, gildi út árið 2026.

Tillagan borin upp og samþykkt með atkvæðum Gylfa Magnússonar, Völu Valtýsdóttur, Þórðar Gunnarssonar, Söru Bjargar Sigurðardóttur og Valgarðs Lyngdal Jónssonar. Ragnhildur Alda María Vilhjálmsdóttir situr hjá og óskar bókað:

Fram kom í umræðum að hækkun lánalínunnar var ráðgerð í 5 ára fjárhagsáætlun Orkuveitunnar en áætlaður endurgreiðslutími lánalínunnar hafi þó færst aftur. Gert var ráð fyrir að lánalínan yrði endurgreidd árið 2027. Tilurð lánalínunnar var aðlögun áforma Carbfíx að nýjum aðstæðum en áður en lengra er haldið telur undirrituð að Orkuveitan og stjórn hennar þurfi að setja sér ramma utan um framlög sín til Carbfíx veri þau í formi láns- eða hlutafé og sá rammi þarf að vera hluti af langtíma stefnumótun Orkuveitunnar. Í upphafi skyldi endinn skoða.

5. Klukkan 16:10 mætti Sólrún Kristjánsdóttir, framkvæmdastýra Veitna til fundarins ásamt Báru Jónsdóttur lögmanni og Bryndísi Björnsdóttur sérfræðingi í umhverfis- og skipulagsmálum og kynntu mikilvægi þess að tryggja hreint neysluvatn í Heiðmörk og fyrirhugaða sameiningu Veitna og VoF.
6. Lögð fram svohljóðandi tillaga, dags 16.12.2024. Tillögunni fylgir greinargerð:

Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur samþykkir að veita forstjóra umboð til að samþykkja á hluthafafundi Veitna að ganga til samninga við North Tech Drilling ehf og Hydro Drilling S.R.L. um borun allt að 35 Jarðhitahola í kjölfar útboðs nr. ORVK-2024-01 Geothermal Drilling Works.

Tillagan samþykkt samhljóða.

7. Lögð fram svohljóðandi tillaga dags. 16.12.2024. Tillögunni fylgir greinargerð:
Stjórn Orkuveitunnar samþykkir að óska heimildar endurskoðunarnefndar til að taka viðfestu tilboði Grant Thornton að fjárhæð EUR 33-48 þúsund í skoðun sjálfbærniupplýsingasamstæðunnar vegna ársins 2024 og ráðgjöf tengda innleiðingu flokkunarreglugerðar í fjárhagsbókhalddskerfi. Umræður.
Tillagan samþykkt samhljóða.
8. Lögð fram svohljóðandi tillaga dags. 12.12.2024 um breytingar varðandi VOR sjóðinn. Tillögunni fylgir greinargerð:
Stjórn Orkuveitunnar samþykkir uppfærða skipulagsskrá og úthlutunarreglur VOR sjóðsins, sem verður vísinda- og frumkvöðlasjóður Orkuveitunnar. Tillögunni fylgir greinargerð.
Tillagan borin upp og samþykkt með þeirri breytingu að einn af þremur einstaklingum í stýrihópi komi úr samfélagi frumkvöðla og skapandi greina.
9. Minnisblað dags 11.12.2024, unnið fyrir Ellen Ýr Aðalsteinsdóttir af Elínu Björk Böðvarsdóttur um fagråd stefnu, lagt fram..
10. Minnisblað, dags. 13.12.2024, um auðlindir, nýsköpun, sjálfbærni og umhverfi lagt fram. Umræður.
11. Lagðar fram til upplýsingar, fundargerðir og minnisblöð framkvæmdastjóra dótturfélaga Orkuveitu Reykjavíkur.
Minnisblað framkvæmdastjóra Ljósleiðarans ehf. dags. 11. desember 2024.
Minnisblað framkvæmdastjórnar Veitna ohf. dags. 12. desember 2024.
Fundargerð stjórnar Orku náttúrunnar ohf. dags. 11. desember 2024.
Minnisblað framkvæmdastjóra Orku náttúrunnar ohf. dags. 11. desember 2024.
Minnisblað framkvæmdastjór Carbfix, 28. nóvember 2024
Fundargerð stjórnar Carbfix hf. 31. október 2024
12. Forstjóri lagði fram og kynnti skýrslu sína um starfsemina á milli stjórnarfunda, dags. 16. desember 2024. Umræður.
13. Lagt fram minnisblað, dags 05.12.2024 um snjallmælaverkefni Veitna. *Endurmat viðskiptaáætlunar. Svör við fyrirspurn VLJ af SF358 um snjallmæla.*
14. Lögð fram svohljóðandi tillaga Söru Bjargar Sigurðardóttur dags 16.12.2024. Tillögunni fylgir greinargerð:
Lagt er til að stjórn OR beini því til forstjóra að lagt verði af stað í vinnu við framtíðsýn og skipulag vegna fjárfestinga tengt orkuskiptum á meginstarfssvæði OR skv. eigendastefnu. Byrjað verði á sveitarfélögum eigenda fyrst áður leitast verður áhuga á samvinnu annara á starfsvæðinu. Samhliða yrði kannað umfang húspaka í eigu borgarinnar, þau kortlögð, metinn sem mögulegur ávinningur af orku öflun í gegnum sólar/birtusellur til orkuöflunar eins og bílastæðahús og skólamannvirki. Valin verði tvö til þrjú hús til reynslu og vinnan yrði unnin í samvinnu við umhverfis- og skipulagssvið, skóla - frístundasvið, stýrihópin Brúum bilið, Eignarhaldsskrifstofu, Borgarráð auk kjörinna fulltrúa.

Samþykkt.

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið kl. 17:00.

Næsti reglulegi fundur stjórnar verður haldinn þann 27. janúar 2025.

Gylfi Magnússon,
Vala Valtýsdóttir, Sara Björg Sigurðardóttir, Ragnhildur Alda María Vilhjálmsdóttir,
Þórður Gunnarsson, Valgarður Lyngdal Jónsson, Guðveig Eyglóardóttir.

STJÓRN ORKUVEITU REYKJAVÍKUR

Ár 2024, mánudaginn 25. nóvember kl. 13:00 var haldinn 358. fundur í stjórn Orkuveitu Reykjavíkur. Fundurinn var haldinn að Bæjarhálsi 1, og um fjarfundabúnað.

Fundarfólk: Gylfi Magnússon, Vala Valtýsdóttir, Skúli Þór Helgason, Ragnhildur Alda María Vilhjálmsdóttir, Þórður Gunnarsson, Valgarður Lyngdal Jónsson og Davíð Sigurðsson í fjarveru Guðveigar Eyglóardóttur. Einnig Sara Björg Sigurðardóttir að hluta.

Einnig tóku Sævar Freyr Þráinsson, forstjóri og Snorri Hafsteinn Þorkelsson þátt í fundinum.

Fundarritari var Elín Smáradóttir.

Þetta gerðist:

1. Forstjóri og stjórnarfolk gerðu grein fyrir samskiptum milli stjórnarfunda. Yfirlit forstjóra þar um, dags. 21.11.2024 lagt fram.
2. Fundargerð stjórnarfundar SF357 lögð fram. Fundargerðin samþykkt og verður send til rafrænnar undirritunar stjórnar.
3. Klukkan 13:10 mætti Snorri Hafstein Þorkelsson, framkvæmdastjóri fjármála til fundarins ásamt Bryndísi Maríu Leifsdóttur, Grétu Guðnadóttur og Hrafnhildi Fanngeirsdóttur úr reikingshaldi og gerðu grein fyrir 9 mánaða uppgjöri. Uppgjörið borið upp og samþykkt samhljóða.

Snorri gerði einnig grein fyrir 10 mánaða uppgjöri samstæðu Orkuveitunnar og dótturfélaga. Umræður.

Klukkan 13:53 mætti Skúli Helgason til fundarins og þá yfirlit Sara Björk einnig fundinn.

Snorri lagði fram svohljóðandi tillögu um fjármögnunarheimild.

Stjórn Orkuveitunnar (OR) veitir forstjóra og/eða framkvæmdastjóra fjármála heimild til fjármögnunar í formi skuldabréfaútgáfu, víxlaútgáfu eða bankaláns fyrir allt að markaðsvirði 36 ma.kr. á árinu 2024 og 34 ma.kr. á árinu 2025. Fjármögnunarheimildin er um 0,9 ma.kr. og 3,8 ma.kr. umfram fjármögnunarþörf samkvæmt samþykkttri fjárhagsspá fyrir árin 2024 og 2025 á samstæðugrunni. Framangreindar heimildir ná einnig til undirritunar allra skjala sem heimildir ná yfir.

Tillagan borin upp og samþykkt með atkvæðum Gylfa Magnússonar, Völu Valtýsdóttur, Þórðar Gunnarssonar og Skúla Helgasonar. Ragnhildur Alda Vilhjálmsdóttir situr hjá við atkvæðagreiðsluna.

Umboð til eignastýringar hjá Landsbankanum, sem samþykkt var milli funda, staðfest.

Áhættuskýrsla, dags. 15. 11. 2024 og rekstraráhættuskýrsla lagðar fram.

4. Klukkan 14:00 mættu fulltrúar Innri endurskoðunar og ráðgjafar, þau Ingunn Ólafsdóttir og Stefán Viðar Grétarsson og gerðu grein fyrir úttekt á rekstrarsamfellu og aðfangiferli Orkuveitunnar.
5. Klukkan 14:30 mættu Einar Þórarinnsson, framkvæmdastjóri Ljósleiðarans til fundarins ásamt fulltrúum Arion banka, þeim Þórði Ólafi Þórðarsyni, Ragnari Benediktssyni og Jóni Friðrik Guðjónssyni. Gerðu þeir grein fyrir verðmati Ljósleiðarans. Umræður.

6. Klukkan 15:44 mættu Krístrún Lilja Júlíusdóttir, forstöðukona stafrænnar og stefnumiðaðrar umbreytingar og Elín Björk Böðvarsdóttir, leiðtogi stafrænnar vörupróunar og gerðu grein fyrir mælikvörðum í samstæmi við heildarstefnu og hvernig haldið er utan um þau í Asana verkefnisstjórnunarkerfinu. Umræður.

Klukkan 15:55 yfirgaf Vala Valtýsdóttir fundinn.

7. Klukkan 16:06 mætti Vigdís Eva Línal, upplýsingaöryggisstjóri til fundarins og gerði ásamt Krístrúnu grein fyrir svohljóðandi tillögu að uppfærðri upplýsingaöryggisstefnu. Tillögunni fylgir greinargerð:

Orkuveitan leggur mikla áherslu á að hámarka öryggi upplýsinga, kerfislausna og verðmæta í eigu og umsjón fyrirtækisins. Stjórnun upplýsingaöryggis er lykilþáttur til að draga úr áhættum og koma í veg fyrir að atvik sem gætu valdið tjóni eða truflun á starfsemi Orkuveitunnar. Stefnan nær til allrar virðiskeðjunnar, þar á meðal samstarf við birgja og þjónustuaðila.

Orkuveitan lítur á örugga og gagnsæja meðhöndlun og varðveislu upplýsinga sem grunnþátt í að styðja við ákvarðanatöku og samfelldan rekstur fyrirtækisins.

Áherslur stefnunnar:

- *Áhættustjórnun - Rekstraröryggi sé tryggt með því að því að viðhafa öflugra áhættustjórnun og innleiða viðeigandi öryggisráðstafanir.*
- *Vitund og þjálfun – Treysta og styrkja starfsfólk í hlutverkum sínum með því að leggja áherslu á reglubundna þjálfun og fræðslu í þessum málaflakki. Öflug vitund og ábyrgð er lykilatriði í öryggismenningu fyrirtækisins.*
- *Stjórnunarkerfi upplýsingaöryggis - Viðhalda stjórnunarkerfi upplýsingaöryggis í samræmi við ISO 27001-staðalinn. Allar lagalegar og samningsbundnar kröfur um upplýsingaöryggi séu uppfylltar og viðhafðar séu stöðugar umbætur á stjórnunarkerfi upplýsingaöryggis með reglulegri endurskoðun. Þannig tryggir Orkuveitan að gögn séu varin, trúnaður tryggður á viðeigandi hátt og upplýsingar séu áreiðanlegar.*
- *Viðbragðsáætlanir fyrir alvarleg atvik – Orkuveitan mun viðhalda öflugum viðbragðsáætlunum fyrir alvarleg atvik í upplýsingaöryggi og tryggja viðnámsþrótt við alvarlegum ógnum.*
- *Aðgengi og öryggi – Notendur hafi þann aðgang að upplýsingum og þeirri þjónustu sem þeir þurfa á hverjum tíma - Opið en öruggt*

Umræður. Stefnan samþykkt samhljóða.

8. Lögð fram svohljóðandi tillaga. Tillögunni fylgir greinargerð:

Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur samþykkir að leggja til við eigendafund að Grant Thornton endurskoðunarfyrirtæki verði kosið endurskoðunarfélag Orkuveitu Reykjavíkur árið 2024.

Tillagan samþykkt samhljóða

Klukkan 16:30 var gert var stutt fundarhlé fyrir fund í stjórn OR-Eigna. Klukkan 16:40 hófst fundur að nýju.

9. Lögð fram minnisblöð um auðlindir, nýsköpun, sjálfbærni og umhverfi, dags. 21.11.2024, minnisblað um virkjun sjávarfalla og minnisblað um ölduverkefnið Waddle. Umræður.

10. Lagðar fram til upplýsingar, fundargerðir og minnisblöð framkvæmdastjóra dótturfélaga Orkuveitu Reykjavíkur.

Minnisblað framkvæmdastjóra Ljósleiðarans ehf. dags. 20. nóvember 2024.

Minnisblað framkvæmastjórnar Veitna ohf. dags. 21. nóvember 2024.

Fundargerð stjórnar Orku náttúrunnar ohf. dags. 20. nóvember 2024.

Minnisblað framkvæmdastjóra Orku náttúrunnar ohf. dags. 20. nóvember 2024.

11. Forstjóri lagði fram og kynnti skýrslu sína um starfsemina á milli stjórnarfunda, dags. 25. nóvember 2024. Umræður.

12. Lögð fram að nýju tillaga Ragnhildar Öldu Maríu Vilhjálmsdóttur um að aflétta trúnaði af skýrslu innri endurskoðunar. Tillagan borin upp. Ragnhildur greiðir atkvæði með tillögunni og óskar bókað:

Þá er þetta í þriðja sinn sem tilteknir samstjórnarmenn undirritaðar hafna því að upplýsa eigendur um þær alvarlegu aðfinnslur sem er að finna í skýrslu Innri endurskoðunar. Minnisblaðið var unnið að beiðni þeirra stjórnarmanna er fyrst neituðu að birta skýrsluna sjálfa, eftir lestur minnisblaðsins ákváðu sömu stjórnarmenn að best væri að halda því líka huldu fyrir eigendum. Þessi vinnubrögð senda skýr skilaboð til fulltrúa eigenda og almennings.

Gylfi Magnússon og Þórður Gunnarsson greiða atkvæði gegn tillögunni. Skúli Helgason og Valgarður Lyngdal Jónsson sitja hjá. Skúli óskar bókað:

Undirritaður er fylgjandi því að umrædd skýrsla verði birt en situr hjá í atkvæðagreiðslunni í þeirri góðu trú að skýrslan verði birt að lokinni hlutafjárukningu Ljósleiðarans.

13. Lagt fram minnisblað Rannsóknna og nýsköpunar, dags. 21. nóvember 2024, sem svar við bókun Þórðar Gunnarssonar frá SF 357.

14. Önnur mál:

Skúli Helgason leggur fram eftirfarandi tillögu:

Lagt er til að stjórn beini því til forstjóra að hann óski eftir því við framkvæmdastjóra ON/ON Power að greint verði hvaða áhrif það hefði á afkomu fyrirtækisins og þar með samstæðu Orkuveitunnar ef orka sem nú er bundin í samningum við Norðurál og aðra stórnotendur yrði öll seld á markaðsverði. Jafnframt verði rýnt hvernig væri eðlilegt að standa að útboði á þeirri orku sem losnar ef ekki yrðu framlengdir samningar við umrædda aðila. Þá verði í minnisblaðinu lagt mat á það að hve miklu leyti þeir aðilar sem hafa lýst sig áhugasama um að kaupa hluta af umræddri orku falla að áherslum félagsins um sjálfbærni og markmið stjórnvalda í loftslagsmálum. Þá verði upplýst um áhrif áforma viðkomandi aðila á atvinnusköpun og fjölda starfa. Lagt er til að hafinn verði undirbúningur vinnu við skilgreiningu matsþátta/mælikvarða sem verði lagðir til grundvallar við mat á kauptilboðum þar sem byggt verði á markmiðum á borð við sjálfbærni, fylgni við loftslagsmarkmið og atvinnusköpun.

Afgreiðslu tillögunnar frestað.

Valgarður Lyngdal óskar bókað:

Óskað er eftir uppfærðu núvirðismati á kostnaði við snjallmælavæðingu, sem og viðskiptaáætlun verkefnisins í heild, með yfirliti yfir áætlaðan kostnað og tekjur.

Er hækkun á gjaldskrá til viðskiptavina innbyggð í áætlunina?

Óskað er eftir að upplýsingarnar verði veittar stjórn OR, hvort sem er í formi minnisblaðs eða kynningar.

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið kl. 17:00.

Næsti reglulegi fundur stjórnar verður haldinn þann 25. nóvember 2024.

Gylfi Magnússon,
Vala Valtýsdóttir, Skúli Þór Helgason, Sara Björg Sigurðardóttir, Ragnildur Alda María
Vilhjálmisdóttir,
Þórður Gunnarsson, Valgarður Lyngdal Jónsson, Guðveig Eyglóardóttir.

Vatnsvernd í Heiðmörk

Sólrún Kristjánsdóttir framkvæmdastýra Veitna
Stjórnarfundur Orkuveitunnar 16. desember 2024

Heilnæmt vatn úr Heiðmörk

- Grunnvatnsstraumar í Heiðmörk sjá yfir 60% íbúa og fyrirtækja fyrir hreinu neysluvatni
- Heiðmörk verður vatnstökusvæði höfuðborgarsvæðisins til langrar framtíðar
- Forgangsmál að tryggja gæði og heilnæmi vatnsins og ein stærsta ábyrgð Orkuveitunnar og Veitna að gæta þess
 - Vatnsveitur hafa þá ábyrgð að tryggja hreint neysluvatn - ekki eigendur lands, ekki sveitarstjórnir

Vatnsvernd.

9. gr.

Varnir gegn mengun vatnsbóla.

Umhverfis hvert vatnsból skal heilbrigðisnefnd ákvarða vatnsverndarsvæði sem skiptist í brunnsvæði, grannsvæði og fjarsvæði, sbr. reglugerð um varnir gegn mengun vatns. Brunnsvæði skal vera algjörlega friðað fyrir óviðkomandi umferð og framkvæmdum öðrum en þeim sem nauðsynlegar eru vegna vatnsveitunnar. Heilbrigðisnefnd skal, þar sem þörf krefur, krefjast þess að svæðið skuli girt gripa- og mannheldri girðingu, sem sé minnst 5 metra frá vatnsbóli.

Vatnsveitur skulu gera ráðstafanir til að koma í veg fyrir að vatnsból spillist. Sama gildir um aðra staði s.s. ár eða læki þar sem vatn er tekið til neyslu. Skylt er að tilkynna heilbrigðisnefnd tafarlaust ef vitað er um mengun á vatni í vatnsbólum eða dreifikerfi.

Um varnir gegn mengun vatnsbóla gildir að öðru leyti ákvæði reglugerðar um varnir gegn mengun vatns.

Tækifæri tengd verndun vatns í Heiðmörk

- Auka öryggi hreins neysluvatns á höfuðborgarsvæðinu
- Tryggja aðgang að heilnæmu og ómeðhöndluðu neysluvatni í hæsta gæðaflokki
- Auka meðvitund almennings um mikilvægi heilnæms neysluvatns
- Gera Heiðmörk að grænu útivistarsvæði með verndun vatns að leiðarljósi
 - Takmarka umferð ökutækja og tryggja brunavarnir gagnvart gróðureldum og verjast skemmdarverkum eða hryðjuverkum
- Byggja samhliða upp útivistarsvæði utan grannsvæðis vatnsverndar (utan Heiðmerkur)
- Vinna deiliskipulag fyrir Heiðmörk sem mótar framtíð svæðisins með hreint vatn að leiðarljósi
 - Hafið, á að ljúka í nóvember 2025

Vatnsverndarsvæði í Heiðmörk

250 km²

Brunnsvæði



Utan um vatnsból, eru algjörlega friðuð

Grannsvæði




Framkvæmdir og starfsemi sem ógna öryggi vatnsöflunar eru bannaðar. Önnur landnot einkum til útivistar enda falli þau að forsendum vatnsverndar

Fjarsvæði



Öryggissvæði



Áskoranir og ógnir við heilnæmt neysluvatn

Purfum að vernda neysluvatnið fyrir mengandi efnum og örverum og öðrum ógnum

- Aukinn umferð ökutækja
- Aukin byggð í grennd við vatnsverndarsvæði
- Umferðarmannvirki í grennd við vatnsverndarsvæði
- Eldsvoðar og gróðureldar
- Náttúruhamfarir/eldgos
- Ofanvatn og leysingar
- Skemmdar- eða hryðjuverk



Börðust við eld í Heiðmörk



Grillíð var í miðjum eldinum. mynd/Eggert Ingólfsson



Jólamarkaður í Heiðmörk - Orri Skógarhöggsmaður kveikir eld á bálstæðinu. | Facebook

[Visit >](#)





Sinubruni í Heiðmörk 2021

2 ferkílómetrar brunnu



Umferð um grannsvæði vatnsverndar í Heiðmörk

Slys og næstum slys sem Veitur hafa haft veður af yfir 17 ára tímabil:



Deiliskipulag Heiðmerkur

- Mótar framtíðarsýn fyrir svæðið innan Reykjavíkur
- Helsta verkfærið til að tryggja hagsmuni vatnsverndar til framtíðar
- Ólíkir hagsmunir og skoðanir innan starfshóps um deiliskipulag.
- Verndun vatns þarf að stýra allri ákvarðanatöku um nýtingu svæðisins og setur henni ákveðnar skorður

Drög að markmiðum deiliskipulags:

Leiðarljós


Að öryggi grunnvatns og gæða þess sé í forgrunni og að deiliskipulag Heiðmerkur mæti **fjölbreyttri útivistarstarfsemi**

Markmið

- Heiðmörk verði áfram **fjölbreytt skógræktarsvæði** og aðgengilegt útivistarsvæði fyrir alla aldurshópa.
- Skilgreina svæði eftir nýtingu þeirra, hlutverki og verndun.
- Skilgreina helstu legu tenginga göngu- og hjólastíga og reiðstíga um svæðið og styrkja tengingu þeirra við nærliggjandi byggð.
- Styrkja samspil og tengingu Heiðmerkur við aðliggjandi útivistarsvæði.
- Styrkja tengingu byggðar við Heiðmörk.
- Að nýir áningarstaðir í Heiðmörk taki mið af góðum tengingum við almenningsamgöngukerfi Strætó eða Borgarlínu. (skoða betur)
- **Dregið verði úr umferð ökutækja á grannsvæsvæði vatnsverndar.**
- Skilgreina framtíðarhlutverk Elliðavatnsbæjarins.

Suðutilkynning í Helgafellssveit 11. desember

- Íbúum Helgafellssveitar ráðlagt að sjóða drykkjarvatn í varúðarskyni vegna vísbendinga um kólígerlamengun frá vatnsbólínu. Kólígerlamengun staðfest 12. desember
- Minnir á mikilvægi þess að gæta þarf vel að öryggi og heilnæmi vatnsins
- Kólígerlar, einkum *E. coli*, geta verði hættulegir heilsu fólks, sérstaklega ungra barna, fullorðinna einstaklinga og fólks með skert ónæmiskerfi
 - Nýleg dæmi um alvarleg veikindi vegna *E. coli* (STEC) í Efstadal II (2019) og leikskólanum Mánagarði (2024)
 - Tvö tilfelli kólígerlamengunar í vatnsveitum á Austurlandi (Borgarfjörður Eystri og Hallormsstaður), þörf á að sjóða neysluvatn (haust, 2024)



Olíuslys í Bláfjöllum 2013

- 600 lítrar af olíu láku á bílastæði við Bláfjallaskála þegar festingar gáfu sig við þyrluhífangu vegna framkvæmda við Þríhnúkagíg
- Alvarleg mengunarhætta skapaðist. Svæðið er fjarsvæði vatnsverndar og grunnvatnsstraumur til vatnsbóla rennur þarna undir
- Meigninu af olíunni var mokað burt með gröfu en mjög takmarkaður tími er til að bregðast við slysum í gljúpu hrauni



Öruggasta og ódýrasta aðgerðin er verndun vatnsins

Efnamengun neysluvatns getur borist víða að, svo sem frá skólpi, landbúnaði og iðnaði. Olíuslys í nágrenni vatnsbóla hafa leitt til mengunar neysluvatns. Efni sem eru skaðleg heilsu manna og umhverfi hafa borist í neysluvatn

- Olíuleki í Queensland, BNA (2014) olli mengun vatnsbóls, lekar og mengun frá bensínstöðvum (BNA), Olíumengunarslys í fljóti hafði áhrif á neysluvatn milljónir manna (Kína 2010)

Örverumengun í vatnsbólum víða um heim hefur haft alvarlegar afleiðingar, þar á meðal valdið dauðsföllum


- Walkerton, Kanada (2000) – umfangsmikil mengun frá yfirborðsvatni (*E. coli* og *Campylobacter*)
- Milwaukee, BNA (1993) Yfir 400.000 veikir og 100 dauðsföll vegna *Cryptosporidium* mengunar
- Mengun vatnsbóla út frá dýrahæjum hafa valdið dauðsföllum vegna sjúkdómsvaldandi örvera víða um heim

Undirstrikar mikilvægi þess að tryggja verndun vatnsins, viðbrögð við mengun eru flókin og kostnaðarsöm. Forvarnir ofar viðbrögðum.

SAMTAL VIÐ ALMANNAVARNIR

- Hefðum við getað komið betur undirbúin undir það sem við erum að fást við á Reykjanesi?
- Hefðum við getað verið betur undirbúin að sjá Vestmannaeyjum fyrir vatni?
- Erum við sofandi gagnvart skemmdar- og hryðjuverkaógn á innviði
- Frá Almannavörnum:

Skipulags- og byggingarmál eru í sífelld meiri mæli miðuð að forvörnum frekar en viðbrögðum. Með því að forgangsraða öryggssjónarmiðum og áfallapoli frá upphafi, eru bæir og borgir betur undirbúnir fyrir vá, og samfélagið verður minna háð skyndilegum viðbragðsúrræðum þegar hættuástand skapast. Á Íslandi, þar sem náttúruvá er áberandi, er þetta sérstaklega mikilvægt fyrir öryggi og lífsgæði almennings




SAMTAL VIÐ ALMANNAVARNIR

Erum að vinna viðbragðsáætlun fyrir vágvegna eldgoss í Hengli

- Mun þurfa markvissar ólíkar aðgerðir til að lágmarka skaða sem yrði

Eigum við ekki að virkja þær varnir sem eru nú þegar til staðar fyrir hreint neysluvatn?

- Umferð
- Mengun
- Nátturuvá
- Hröyjuverk



Elliðavatnsland

Orkuveitan er landeigandi Elliðavatnslands

Þríhliða þjónustusamningur um Heiðmörk.

Reykjavíkurborg og Veitur greiða

Skógræktarfélagi Reykjavíkur fyrir þjónustu
innan Heiðmerkur

Skógræktarfélag Reykjavíkur hefur
skrifstofuaðstöðu í Elliðavatnsbæ með leyfi
Orkuveitunnar og leigir lóð undir viðarvinnslu

Skilum á lóðum og bústöðum innan
Elliðavatnslands lýkur eigi síðar en 2033




Sameining Veitna og VoF

Sólrún Kristjánsdóttir framkvæmdastýra Veitna
Stjórnarfundur Orkuveitunnar 16. desember 2024

Uppskipting Orkuveitu Reykjavíkur

- Við uppskiptingu Orkuveitu Reykjavíkur árið 2014 var tekin sú ákvörðun að reka vatns- og fráveitu inn í sérstöku sameignarfélagi í eigu OR, Orkuveitu Reykjavíkur vatns- og fráveitu (VoF). Þetta var gert af skattalegum ástæðum þar sem VoF var með þessu tryggð undanþága frá tekjuskatti.
- Með breytingu á lögum nr. 90/2003 um tekjuskatt gerist ekki lengur þörf að reka vatns- og fráveitu í sér félagi heldur er heimilt að reka það innan Veitna enda sé fullur bókhaldslegur og rekstrarlegur aðskilnaður, sbr. 8. tölul. 1. mgr. 4. gr. laga um tekjuskatt



Skortur á gagnsæi í rekstri


- Í dag er VoF mannlaust félag sem sinnir sínu hlutverki í gegnum þjónustusamninga hvort tveggja við Veitur og Orkuveitu Reykjavíkur.
- Starfsmannatengdir þjónustusamningar eru að flæða í gegnum Veitur yfir í VoF, þ.a. þeir bókast sem kostnaður í Veitum og svo seldur yfir í VoF. Fjárfestingar VoF flæða þannig sem rekstrarkostnaður í gegnum Veitur sem veldur því að tekjur og gjöld Veitna þenjast út. Þetta veldur skekkju og skorti á gagnsæi í rekstrinum.
- Veitur verða leggja 24% útskatt á alla reikninga sem félagið sendir til VoF. Veitur skila þeim útskatti til skattsins en þar sem VoF er undanskilið virðisaukaskatti þá getur VoF ekki fengið innskattinn endurgreiddan frá skattinum líkt og önnur félög.

Kostir sameiningar

- Kostir eru að allt verklag heldur sér hjá starfsfólki Veitna. Vatns- og fráveita verður svið hjá Veitum.
- Rekstrarlegt hagræði, dregur úr kostnaði og einfaldar starfsemina viðskiptavinum til hagsbóta.
- Sundurliðun verkefna verður gagnsæ og betra að greina rekstur miðlana. Einnig mun verkefnastýring í verkefnum með marga miðla vera skýr.
- Verkefnastjórnunarkerfið Vitinn og DMM eru tengd við Veitur svo allar tengingar eru til staðar.
- Tryggja þarf bókhaldslegan aðskilnað veitnanna.

1. Bindandi álit frá skattinum

- Þann 10. apríl 2024 var send inn beiðni um bindandi álit til skattsins þar sem beiðð var um álit á hvort:
 - i. heimilt væri að slíta VoF og eignir félagsins myndu renna til OR og Veitna, án sölu og í réttu hlutfalli við eignarhlutdeild þeirra í félaginu.
 - ii. heimilt væri að framselja í framhaldinu þann hluta rekstar VoF sem rynni til OR, til Veitna á bókfærðu verði en án endurgjalds. Vísað til bráðabirgðaákvæðis III í lögum um Orkuveitu Reykjavíkur.



1. Bindandi álit

- Bindandi álit barst þann 2. júlí 2024 þar sem niðurstaðan var sú að slit og úthlutun skv. lið i) myndar ekki skattskyldar tekjur. Hins vegar var framsal skv. lið ii) ekki undanþegið skattskyldu.
- Ef til framsals kæmi þyrfti að gera upp þá sölu á markaðskjörum. Skattlagning, ef miðað er við endurmatsreikning síðasta ársreiknings þar er endurmat er tæplega 45 ma. kr. sem ætti að endurspegla skattstofninn (mismun á gangvirði og bókfærðu virði þessara eigna), myndi þýða að OR þyrfti að greiða, 9,45 milljarða í tekjuskatt vegna sölunnar.

2. Bindandi álit frá skattinum

- Þann 21. október 2024 var gerð önnur tilraun með beiðni um bindandi álit frá skattinum. Nú var beiðing um álit á möguleikum þess að fara í beinan samruna.
- Bindandi álit barst þann 4. desember sl. og var niðurstaðan sú að ekki var fallist á að sameignarfélag með ósjálfstæða skattaaðild gæti uppfyllt skilyrði laga um tekjuskatt og eignarskatt um hagnað af sölu lausafjár til þess að fara í beinan samruna.
- Þá var ekki heimilt að breyta félagiforminu til þess að ná fram skilyrðum ákvæðisins um sjálfstæða skattaaðild.
- Álitið verður ekki kært.

- Með vísan til fyrra bindandi álits skattsins frá 4. júlí sl. þá er heimilt að slíta VoF og láta eignirnar renna til móðurfélagsins. Þetta er heimilt án þess að það myndist skattskylda.
- Varðandi framsal frá OR til Veitna benti OR skattinum á bráðabirgðaákvæði í lögum um Orkuveitu Reykjavíkur sem heimilar framsal án skattskyldu:

„Þrátt fyrir skilyrði 52. og 54. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, skal uppskipting rekstrarþátta á milli sameignarfyrirtækisins Orkuveitu Reykjavíkur og einstakra dótturfélaga hennar, í samræmi við kröfur raforkulaga, nr. 65/2003, með síðari breytingum, ekki hafa í för með sér skattskyldar tekjur fyrir Orkuveitu Reykjavíkur, dótturfélög hennar og eigendur.“

- Í áliti skattsins kom fram að ákvæðið tæki einungis til þeirrar lögbindingu uppskiptingar sem átti sér stað um áramótin 2013/2014, sbr. athugasemdir í frumvarpi. Ákvæðinu væri ekki ætlað að gilda til framtíðar.

Næstu skref

- Þar sem ljóst er að beinn samruni er ekki tækur og ekki heimilt að breyta félagiformi VoF er eina tæka leiðin til þess að sameina VoF og Veitur að óska breytingu á lögum um Orkuveitu Reykjavíkur.
- Orkuveitan myndi beita sér fyrir að bætt yrði við ákvæði sem yrði sambærilegt núverandi bráðabirgðaákvæði III en myndi heimila þessa endurskipulagningu.
- Beðið er eftir myndun nýrrar ríkisstjórnar svo hægt sé að hefja samtalið.



Til stjórnar Orkuveitunnar

SF 359

ES

Reykjavík 16. 12. 2024

TILLAGA

Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur samþykkir að veita forstjóra umboð til að samþykkja á hluthafafundi Veitna að ganga til samninga við North Tech Drilling ehf. og Hydro Drilling S.R.L. um borun allt að 35 jarðhitahola í kjölfar útboðs nr. ORVK-2024-01 „Geothermal Drilling Works.

GREINARGERÐ

Í júní sl. buðu Orkuveitan og Veitur sameiginlega út borun á allt að 35 jarðhitaholum í þremur hlutum, sbr. útboð nr. ORVK-2024-01. Tilboð bárust frá þremur bjóðendum. Sameiginlegt tilboð North Tech Drilling ehf. og Hydro Drilling S.R.L. var lægst að fjárhæð í alla flokka, en samtals var tilboð þeirra að fjárhæð 4.129.078.873 kr. miðað við gengi ISK/USD 23.8.2024. Kostnaðaráætlun fyrir alla hluta var 5.966.968.640 kr. Eftir nokkuð umfangsmikla skoðun á hæfi fyrirtækjanna var ákveðið að ganga til samninga við þau með tilkynningu 11.11.2024. Engar athugasemdir eða kærur bárust á biðtíma.

Í 17. gr. samþykktar Veitna kemur eftirfarandi fram: „Eftirfarandi ákvarðanir eru háðar staðfestingu hluthafafundar: • Ákvarðanir sem tiltekið er í eigendastefnu Orkuveitu Reykjavíkur sef., að skuli hljóta samþykki eigenda. • Ákvarðanir um einstakar nýjar skuldbindingar enda sé fjárhæð þeirra yfir 5% af eigin fé félagsins samkvæmt síðasta ársreikningi eða árshlutareikningi.“

Í 6. gr. innkaupareglna Veitna kemur fram: „Allar skuldbindingar hærrí en 400 m.kr.. skulu lagðar fyrir stjórn Veitna til samþykktar. Ef um stofnun nýs rekstrarkostnaðar er að ræða skal upphæð miðast við 4 ár. Ákvarðanir um einstakar nýjar skuldbindingar þar sem fjárhæð þeirra fer yfir 5% af eigin fé félagsins samkvæmt síðasta ársreikningi eða árshlutareikningi skulu lagðar fyrir hluthafafund til staðfestingar í samræmi við samþykktir félagsins.“ Þar sem sameiginleg skuldbinding Veitna nemur um 5,5% af eigin fé Veitna (4,12 mkr./73,1 mkr) þarf ákvörðunin staðfestingu hluthafafundar og áður en forstjóri sem handhafi hlutafjár tekur slíka ákvörðun á hluthafafundi þarf hann að afla sér umboðs frá stjórn Orkuveitunnar.



Til stjórnar Orkuveitunnar

SF 359
SFB/EHj
Reykjavík, 16. desember 2024

TILLAGA

Stjórn Orkuveitunnar samþykkir að óska heimildar endurskoðunarnefndar til að taka viðfestu tilboði Grant Thornton, að fjárhæð EUR 33-48 þúsund, í skoðun sjálfbærniupplýsinga samstæðunnar vegna ársins 2024 og ráðgjöf tengda innleiðingu flokkunarreglugerðar í fjárhagsbókhaldkerfi.

GREINARGERÐ

Innleiðing laga og reglna um sjálfbærniupplýsingar, sem rætur eiga í tilskipunum Evrópusambandsins, stendur yfir hjá Orkuveitunni, sbr. kynningu sjálfbærnistjóra á SF 357. Í ársreikningi fyrir árið 2023 voru í fyrsta skipti birtar upplýsingar skv. þegar lögfestri Flokkunarreglugerð ESB (Taxonomy) og áformað er að skýrsla stjórnar í samstæðuársreikningi Orkuveitunnar vegna ársins 2024 fylgi leiðbeiningum væntanlegra breytinga á ársreikningalögum og lögum um endurskoðun og endurskoðendur. Stjórnvöld hafa formlega lýst áformum um innleiðingu tilskipunar ESB 2022/2464 um sjálfbærnireikningsskil (Corporate Sustainable Reporting Directive – CSRD).

Orkuveitan hefur notið ráðgjafar PwC við innleiðingu CSRD, þ.á.m. við svonefnda tvíátta mikilvægisgreiningu. Niðurstaða hennar á að ráða því hvaða veigamiklu sjálfbærniupplýsingar rata í skýrslu stjórnar í ársreikningi. Greiningin er því þungamiðja í innleiðingu breytinganna.

Samkvæmt ákvörðun aðalfundar er Grant Thornton endurskoðandi Orkuveitunnar. Gildandi samningur þar um gerir ráð fyrir að undir endurskoðunina falli einnig endurskoðun sjálfbærniupplýsinga, en þó ekki fyrr en krafa um slík reikningsskil hefur verið lögfest.

Orkuveitan hefur um árabíl gefið út ársskýrslu með sjálfbærniupplýsingum og hafa upplýsingar í skýrslunum hlotið skoðun og skýrslurnar formlega áritun óháðra aðila auk áritunar forstjóra og stjórnar. Nú stendur hugur til að reikningsskil vegna ársins 2024 hljóti einnig formlega ytri rýni. Hjálagað tilboð gerir ráð fyrir henni af hálfu endurskoðunarviðs Grant Thornton, hvorttveggja hvað varðar mikilvægisgreininguna og flokkun fjárhagsupplýsinga skv. flokkunarreglugerðinni.



Jafnframt gerir tilboðið ráð fyrir þjónustu ráðgjafarsviðs Grant Thornton hvað varðar innleiðingu flokkunarreglugerðarinnar í fjárhagsbókhaldskerfi Orkuveitunnar. Orkuveitan telur hagfelld að hefja þegar samstarf við endurskoðunarfélag fyrirtækisins um framsetningu sjálfbærniupplýsinga. Hjúlagd tilboð gerir ráð fyrir rýni á mikilvægisgreiningunni og skriflegri skýrslu um niðurstöður hennar. Skýrslan yrði nýtt við framhald innleiðingar og lögð fyrir stjórn og endurskoðunarnefnd. Lægri mörk fjárhæðar þess eru í samræmi við áætlaðan kostnað Orkuveitunnar vegna þessa.

Í 5.gr. samþykktar fyrir endurskoðunarnefnd Reykjavíkurborgar segir: „Endurskoðunarnefnd hefur eftirlit með óhæði, hlutlægni og skilvirkni ytri endurskoðenda og samþykkir þau endurskoðunarverkefni sem tengjast ekki höfuðverkefni endurskoðunarinnar með beinum hætti.“ Því fer Orkuveitan þess á leit við nefndina að hún veiti samþykki fyrir endurskoðunarverkefninu.

Orkuveitan

Proposal for review of the DMA and Taxonomy


13 December 2024



Timetable and focus areas

We have drawn up a preliminary timetable based on the information we have received from you. Before commencing our review, we will check that our analysis and strategy are in accordance with your expectations.

Below is a proposed audit structure. Certain timings may need to be adjusted according to your requirements.



About our fees

The quoted fees are based on our assessment of the work that will be required to carry out a high-quality review. We strive for continuous dialogue and transparency in our fees.

Audit fees

Our estimated fees for reviewing Orkuveitan's sustainability information in accordance with your enquiry is EUR 12 500 – 17 500 (excluding fees for Advisory services). These fees relate to the 2024 financial year. Invoicing is carried out on an ongoing basis in line with work carried out. The fees include audit in accordance with sound auditing practice in accordance with ISA. The stated fees exclude VAT and any expenses/travel costs.



Included units	Estimated fees, EUR excl. VAT
Review of Orkuveitan DMA	15 000 – 20 000
Review of Orkuveitan EU Taxonomy reporting	10.000 – 15 000
Total	25 000 – 35 000

The fees include:

Review of the sustainability information in accordance with ISA and reporting back to the company management. The activities included in the quoted fees are detailed in the preliminary timetable on the previous page. Simple questions that can be answered by telephone are included, unless further review or support is required. If further review or support is required, we will notify you before beginning this.

Fees for other services

Invoicing of future work over and above the audit assignment is described on [the next page](#).

Advisory fees

We hereby provide an estimate for our advisory services regarding the development of Orkuveitan's taxonomy report, with fees ranging from EUR 8,000 to 13,000. The final fee will depend on the level of ambition and the specific support required by Orkuveitan throughout the project. These fees relate to the 2024 financial year. Invoicing is carried out on an ongoing basis in line with work carried out. The stated fees exclude VAT and any expenses/travel costs.

Included units	Estimated fees, EUR excl. VAT
Advisory services for Orkuveitan EU Taxonomy reporting process	8 000 – 13 000
Total	8 000 – 13 000

The fees include:

Advisory services to ensure reporting in accordance with the EU Taxonomy requirements, as well as, upon request, the enhancement of reporting for greater alignment. The work is outlined in the following key steps:

- Development of eligibility reporting, ensuring adequate documentation and data quality.
- Reporting on alignment with the establishment of sufficient processes for reporting.
- Ensuring robust processes for reporting Do No Significant Harm (DNSH) criteria and Minimum Safeguards, as well as identifying opportunities for process optimization within the company.
- Advisory services for the preparation of the taxonomy report, including assistance with completing the required templates. If required, Grant Thornton can also take full responsibility for developing and preparing the comprehensive taxonomy report.

Conditions

Conditions

The quoted fees are based on our assessment of what will be required to carry out our work in accordance with the current definition of sound auditing practice. Our fees assume that Orkuveitan's meets the requirements for sound reporting practice, and has effective internal control and reporting systems. The assumptions should be well documented and analysed, and should be made available in accordance with the agreed timetable. No later than at the time of planning, we will agree with Orkuveitan's how the sustainability information should be documented, and we will agree on a timetable for carrying this out. It is also assumed that the relevant staff will be available and prepared when we carry out our review.

Enhanced review

Enhanced review as a result of the above conditions not being met will be invoiced for separately, specifying the nature of the work, the number of hours and the hourly fee for each specialist who has worked on the assignment.

Additional services

Separate assignment letters will be drawn up for any additional services. Fees for these services will be agreed before starting the assignment.

Changes

The quoted fees are based on Orkuveitan's current organisation, and may change in the event of restructuring, merging, expansion or other factors that cannot currently be predicted. In such a case, the fees may need to be reviewed and this will of course be discussed with you.

Invoicing

Invoicing is done at the completion of work.

General terms and conditions

This proposal does not constitute a full tender, and no agreement should be deemed to have been entered into until an assignment letter has been signed by both parties. The fee quote is valid until the 31st of December 2024.

Viðtakandi: Stjórn Orkuveitunnar.

Sendandi: Birna Bragadóttir forstöðukona Frumkvöðlaseturs og vísindamiðlunar, Hera Grímsdóttir framkvæmdarstýra Rannsókna og nýsköpunar.

Dagsetning: 12. desember 2024.

Efni: Tillögur að breytingum VOR vísindasjóðs Orkuveitunnar.

Tillaga

Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur samþykkir uppfærða skipulagsskrá og úthlutunarreglur VOR sjóðsins, sem verður vísinda- og frumkvöðlasjóður Orkuveitunnar, eins og nánar er tilgreint í greinargerð.

Greinargerð

Í framhaldi af innleiðingu stefnu Orkuveitunnar og stefnumótun Frumkvöðlaseturs og vísindamiðlunar hefur verið skoðað hvernig VOR vísindasjóðurinn geti stutt við markmið Orkuveitunnar um að vera aflvaki fyrir skapandi orku í samfélaginu og hvernig megi tengja hann enn frekar við áherslur fyrirtækisins um samstarf við frumkvöðla, vísindafólk og nemendur á sviði orku og sjálfbærni.

Eitt af hlutverkum Frumkvöðlaseturs og vísindamiðlunar er að skoða tækifæri til fjárfestinga í frumkvöðlafyrirtækjum og hugmyndum, að efla samstarf við nýsköpunaraðila og samfélag ásamt þátttöku í VOR vísindasjóði.

Lagt er til við stjórn Orkuveitu Reykjavíkur samþykki að eftirfarandi breytingar verða gerðar á VOR vísindasjóði Orkuveitunnar:

Breytingar sem lagðar eru til:

- Nafn sjóðsins:**
 - Breyting verði á nafni sjóðsins: verður **VOR vísinda- og frumkvöðlasjóður** sem undirstrikar aukið samstarf við frumkvöðla.
- Hlutverk:**
 - Breyting verður á hlutverki sjóðsins. Auk þess að styrkja verkefni sem eru með tengingu við heimsmarkmiðin þá er stutt við verkefni sem færa okkur nær því að vera **aflvaki sjálfbærrar framtíðar**.
- Markmið:**
 - Áherslur og markmið sjóðsins breytist í samræmi við hlutverk. Vísinda- og frumkvöðlasjóður sem leggur áherslu **á verkefni og rannsóknir sem tengjast stefnu Orkuveitunnar** og áherslum hennar um að vera aflvaki fyrir sjálfbærni og skapandi orku í samfélaginu.
 - Stuðningur við frumkvöðlaverkefni** og hugmyndir á sviði orku-, veitu-, og sjálfbærni.
- Styrkir:**
 - Áfram verða veittir námsstyrkir, rannsóknarstyrkir, verkefnastyrkir, styrkir til frumkvöðla- og nýsköpunarverkefna og samstarfsverkefni við Orkuveituna.
 - Til viðbótar er hægt að sækja um **aðgang að vinnuáðstöðu í Frumkvöðlasetri og aðgang að sérfræðiráðgjöf**.

- **Skipulag sjóðsins**
 - Skipulag sjóðsins verður **einfaldað**. Forstjóri Orkuveitunnar verður formaður stjórnar sjóðsins. Fulltrúi stjórnar Orkuveitunnar fer út. Forstjóri sækir umboð til stjórnar Orkuveitunnar um árlegt fjárframlag. Lagt er til að hafa starfsfólk innan úr samstæðu Orkuveitunnar í fagráði sem þekkir til verkefna, áskoranna og tækifæri fyrirtækisins.
 - **Lagt er til að skipulagið sé með þessum hætti:**
 - Stjórn Orkuveitunnar: staðfestir árlegt fjármagn til sjóðsins.
 - Stjórn sjóðsins skipa: forstjóri Orkuveitunnar (formaður), framkvæmdarstýra RoN og forstöðukona FoV.
 - Fagráð: forstöðukona Nýsköpunar er formaður og útdeildir verkefnum til sérfræðinga sem meta og yfirfara umsóknir.
 - Verkefnistjóri er sérfræðingur FoV.
- **Önnur mál:**
 - Sjóðurinn mun bera allan kostnað vegna útgjalda við hann eins og vinnu, tæknikostnað, viðburð, veitingar o.fl.
 - Framkvöðlasetur er eigandi verkefnisins.
 - Gert er ráð fyrir að opnað verður fyrir umsóknir 17. desember.

VOR – Vísinda- og frumkvöðlasjóður Orkuveitunnar?

Birna Bragadóttir, forstöðukona frumkvöðlasetur og vísindamiðlunar
12.12.2024

- Í framhaldi af innleiðingu stefnu Orkuveitunnar hefur verið skoðað hvernig VOR vísindasjóðurinn geti stutt við markmið Orkuveitunnar að vera aflvaki fyrir skapandi orku í samfélaginu og hvernig megi tengja hann enn frekar við áherslur fyrirtækisins um samstarf við frumkvöðla, vísindafólk og nemendur á sviði orku og sjálfbærni.
- Eitt af hlutverkum Frumkvöðlaseturs og vísindamiðlunar er að:
 - skoða tækifæri til fjárfestinga í frumkvöðlafyrirtækjum og hugmyndum
 - að efla samstarf við nýsköpunaraðila og samfélag
 - þátttöku í VOR vísindasjóði.



Tillaga að breytingum

- **Nafn sjóðsins:**


- VOR Vísinda- og frumkvöðlasjóður – undirstrikar aukið samstarf við frumkvöðla.

- **Hlutverk sjóðsins**

- Lögð verður áhersla á að styrkja verkefni sem styðja við markmið Orkuveitunnar um að vera aflvaki sjálfbærrar framtíðar.

- **Markmið:**

- Áherslur markmið sjóðsins breytist í samræmi við hlutverk. Vísinda- og frumkvöðlasjóður sem leggur áherslu **á verkefni og rannsóknir sem tengjast stefnu Orkuveitunnar** og áherslum hennar um að vera aflvaki fyrir sjálfbærni og skapandi orku í samfélaginu.
- **Stuðningur við frumkvöðlaverkefni** og hugmyndir á sviði orku-, veitu-, og sjálfbærni.




Tillaga að breytingum

• Styrkir

- Áfram verða veittir námsstyrkir, rannsóknarstyrkir, verkefnastyrkir, styrkir til frumkvöðla og nýsköpunarverkefna og samstarfsverkefni við Orkuveituna.
- Til viðbótar er hægt að sækja um aðgang að vinnuaðstöðu í Frumkvöðlasetri og aðgang að sérfræðiráðgjöf


• Skipulag sjóðsins

- Skipulag sjóðsins verður einfaldað. Lagt er til að skipulagið sé með þessum hætti:
 - Stjórn Orkuveitunnar: staðfestir árlegt fjármagn til sjóðsins.
 - Stjórn sjóðsins skipa: forstjóri Orkuveitunnar (formaður), framkvæmdarstýra RoN og forstöðukona FoV?
 - Fagráð: forstöðukona Nýsköpunar er formaður og í fagráði sitja sérfræðingar Orkuveitunnar. Verkefnistjóri er Söldís Lydía Ármannsdóttir.



Tímalínan

- Opnað fyrir umsóknir, 17. desember 2024
- Umsóknarfrestur, 21. janúar 2025
- Tillaga fagráðs liggur fyrir, 21. febrúar 2025
- Ákvörðun stjórnar liggur fyrir, 6. mars 2025
- Úthlutunarathöfn fyrir styrkþega, 21. mars 2025
- Skil á lokaskýrslum verkefna, 1. desember 2025



Takk fyrir



Minnisblað

Viðtakandi: Stjórn móðurfélags

Sendandi: Ellen Ýr Aðalsteinsdóttir, unnið af Elínu Björk Böðvarsdóttur

Dagsetning: 11. desember 2024

EFNI: FAGRÁÐ STEFNU & FERLI STUÐNINGSTEFNA

Fagráð stefnu

Orkuveitan hefur stofnað Fagráð stefnu. Tilgangur ráðsins er að tryggja árangursríka framkvæmd stefnu og samræmda eftirfylgni þvert á öll félög. Ábyrgð á innleiðingu og framkvæmd stefnu liggur hjá forstjóra og framkvæmdastjórum/-stýrum, en hlutverk ráðsins er að fylgja eftir framkvæmdinni, tryggja skýra yfirsýn og miðla upplýsingum til forstjóra og framkvæmdastjóra/-stýra.

Markmið

Helstu markmið fagráðs er snúa að framkvæmd stefnu eru eftirfarandi:

- Að tryggja skýra sjónlínu, frá daglegum verkum og stefnuverkefnum upp í stefnumarkmið, stefnuáherslur og framtíðarsýn - og öfugt að auðvelt sé að hrísla sig niður frá framtíðarsýninni.
- Að samræma eftirfylgni með stefnum (þ.m.t. stoðstefnum) þvert á félög innan Orkuveitunnar.

Auk þessa mun fagráðið einnig spila lykilhlutverk í árangursríkri innleiðingu stefnu með það að markmiði að stefnumiðuð hugsun og vinnubrögð verði hluti af DNA starfsfólks Orkuveitunnar. Ráðið mun tryggja viðeigandi leiðsögn og fræðslu til þess að efla einingar í sinni stefnuvinnu, auk þess sem fulltrúar ráðsins munu veita almennan en samræmdan stuðning innan sinna félaga.

Skipun ráðsins

Í ráðinu sitja fulltrúar allra félaga Orkuveitunnar:

- Elín Björk Böðvarsdóttir leiðir ráðið fyrir hönd móðurfélags



2. Krístrún Pétursdóttir veitir stuðning og ráðgjöf fyrir hönd móðurfélags
3. Svandís Jónsdóttir fyrir hönd Veitna
4. Gísli Sveinsson fyrir hönd ON
5. Valeria Rivina fyrir hönd Ljósleiðarans
6. Tilnefning fyrir hönd Carbflix kemur á næstu dögum


Ferli eftirfylgni

Fagráðið mun halda mánaðarlega fundi þar sem farið verður yfir stöðuna og hvort eitthvað krefjist aðgerða. Í upphafi mun fagráðið móta starfsáætlun og umfang skilgreint í samráði við forstjóra.

Stuðningsstefnur

Ferli stuðningsstefna er hluti af markmiðsferli (STJ-011) Orkuveitunnar. Stefna hvers málaflokks er árlega rýnd og tillögður gerðar að breytingum á henni. Rýnin og tillögur að breytingum, ef við á, eru svo kynntar og afgreiddar af stjórn móðurfélags. Í kjölfarið er stefna kynnt og afgreidd af stjórnnum dótturfélaganna.

Ferlið hefur verið endurskoðað og tengt við heildarstefnu Orkuveitunnar. Fagráð stefnu mun fylgja eftir stuðnings-stefnum í samræmi við eftirfylgni heildarstefnu Orkuveitunnar og dótturfélaga.





Stuðningsstefnurnar eru eftirfarandi:

Stefna málaflokks	Númer stefnu	Stjórnandi málaflokks
Heildarstefna	STE-005	Forstjóri
Arðgreiðslustefna	STE-070	Forstjóri
Arðsemisstefna	STE-071	
Áhættustefna	STE-037	Forstjóri
Sjálfbærnistefna	STE-030	Umhverfisstýra
Gæðastefna	STE-015	Leiðtogi gæðamála
Mannauðsstefna	STE-020	Framkvæmdastýra Mannauðs og tækni
ÖH stefna	STE-040	Öryggisstjóri
Innkaupastefna	STE-035	Forstöðumaður Innkaupa
Upplýsingaöryggisstefna	STE-050	Leiðtogi upplýsingaöryggis
Jafnréttisstefna	STE-045	Framkvæmdastýra Mannauðs og tækni
Siðareglur	STE-025	
(Starfskjarastefna)	STE-019	(Starfskjaranefnd)

Starfsáætlun fyrir rýni stuðningsstefna 2025 er eftirfarandi:

Mánuður	Stjórn Orkuveitunnar	Stjóm félags
Janúar	Heildarstefna	
Febrúar	Innkaupastefna	Heildarstefna
Mars	Starfskjarastefna	Innkaupastefna
	Siðareglur	
	Jafnréttisstefna	
Apríl	Sjálfbærnistefna	Starfskjarastefna
	ÖH stefna	Siðareglur
	Mannauðsstefna	Jafnréttisstefna
Máí	Gæðastefna	Sjálfbærnistefna
		ÖH stefna
		Mannauðsstefna
Júní		Gæðastefna
Júlí		
Ágúst		
September		
Október	Áhættustefna	
	Arðgreiðslustefna	
	Arðsemisstefna	
Nóvember	Upplýsingaöryggisstefna	Áhættustefna
		Arðgreiðslustefna
Desember		Upplýsingaöryggisstefna

Minnisblað

Viðtakandi: Sævar Freyr Þráinsson, forstjóri

Sendandi: Hera Grímsdóttir, Pálmar Sigurðsson, Ingvi Gunnarsson, Harpa Pétursdóttir og Arna Pálsdóttir

Dagsetning: 13.12.2024

EFNI: MINNISBLAÐ UM AUÐLINDIR, NÝSKÖPUN, SJÁLFBÆRNI OG UMHVERFI

Rannsóknarborun á Brimnesi, Kjalarnesi

Vinnslufóðring hefur verið sett niður á 250 m dýpi í holu SV-08 og var hún blástursprófuð sl. föstudag 6. desember. Hún gaf vel yfir 50 l/s af um 90°C vatni við tæplega 60 m niðurdrátt í þriðja þrepi, þ.e. í mesta rennsli. Ákveðið var að víkka holuna a.m.k. niður fyrir efstu æðar í því skyni að minnka niðurdrátt við mikla vinnslu úr holunni. Efnasýni sem tekið var úr holunni í prófinu og rafleiðnimæling sem gerð var í kjölfar blástursprófsins sýna að selta í jarðhitavatninu er lítil og því líklegt að hægt verði að nýta vatn frá Brimnesi beint inn á hitaveitu höfuðborgarsvæðisins. Þegar víkkun holunnar lýkur mun borinn færa sig á næstu holu á Brimnesi, SV-09 sem verður staðsett um 350 m sunnar á nesinu.

Rannsóknarborun á Geldinganesi

Hola R-44 á Geldingarnesi hefur nú verið boruð á fullt dýpi. Hún var prófuð sl. sunnudag og gaf þá um 13 l/s sem er nokkuð minna en hún virtist gefa þegar hún var í borun. Hitastig vatnsins var um 70°C þegar prófun var hætt og það fór hægt hækkandi. Það lítur út fyrir að holan hafi kólnað nokkuð meðan hún var í borun en sú kæling ætti að ganga til baka á næstu vikum. Ákveðið hefur verið að setja víðari vinnslufóðringu í holuna og vinna við það gengur vel.

Hitastigulsboranir við Grafarvog sunnanverðan

Í nóvember voru boraðar sex 150 m djúpar hitastigulsholur við sunnanverðan Grafarvog, þ.e. meðfram Sævarhöfða og Stórhöfða. Markmið þessara borana var að skorða betur stefnu hitafráviks í framhaldi af jarðhitakerfinu í Elliðaárdal sem vísbendingar eru um að teygi sig til norðurs. Ekki hefur verið unnuð úr hitamælingum úr þessum holum en það verður gert á næstu dögum.


Hitastigulsboranir á Ási í Ásahreppi

Í byrjun desember flutti Bergborun sig austur í Ásahrepp og þar er nú verið að bora 5 hitastigulsholur til að kanna jarðhitafrávik sem virðist vera þar en í míri fyrir neðan Ás 3 kemur fram volgra sem hefur mjög jarðhitalega efnasamsetningu. Fjórar af þessum holum verða 150 m djúpar en ein, sú sem næst er volgrunni, verður boruð strax í 300 m.

Þróun hitastigs í grunnvatni við Nesjavallavirkjun

Hitabreytingar í grunnvatni við Nesjavallavirkjun er eitt helsta umhverfisvandamál Orku náttúrunnar. Ástæða breytinganna er losun heits vatns, kælivatns og jarðhitavatns, við virkjunina frá því rekstur hófst 1991. Rekstur virkjunarinnar hefur alltaf verið í samræmi við starfsleyfi en losunin er afleiðing þess hvernig virkjunin er hönnuð og þeirra krafna sem gerðar voru til hennar þegar hún var hönnuð.


Vegna losunarinnar er vandlega fylgst með hitabreytingum í grunnvatni á Nesjavöllum. Er það gert með hitamælingum víða í læk frá virkjuninni, í borholum í hrauninu norðan virkjunarinnar og í lindum við Þingvallavatn. Nú hafa árleg gögn verið sótt úr hitaskynjurum úr Lækjarhvarfi, holum í Nesjahrauni og lindunum við Þingvallavatn. Mynd 1 sýnir þróun hitastigs í lind við Þingvallavatn, Varmagjá, frá upphafi mælinga. Gögnin sýna að hitastigið í Varmagjá fer vaxandi og er nálægt því að vera í hámarki frá upphafi mælinga. Flestar aðrar hitamælingar á svæðinu sýna sömu leitni. Þessar niðurstöður eru töluverð vonbrigði vegna þeirra aðgerða sem hefur verið gripið til á síðustu árum til að koma í veg fyrir losun í grunnvatn. Stórauvin djúp niðurdæling aftur í jarðhitageyminn (í NN-10 og NJ-18) hefur enn ekki skilað sér í lægra hitastigi grunnvatns. Áfram verður unnið að mótvægislausnum á borð við kælitjarnir í Lækjarhvarfi og stækkun kæliturns. Einnig mun sameining hitaveitukerfis höfuðborgarsvæðisins skila sér í meiri framleiðslu á heitu vatni á Nesjavöllum sem mun minnka til muna alla losun við virkjunina.



Mynd 1. Hitastig vatns í Varmagjá við Þingvallavatn frá upphafi mælinga

Hverahlíð II og Meitlar

Næstu misseri verður mikið um að vera í Hverahlíð II og Meitlum. Tvær rannsóknarholur, HR-01 og HR-02, verða boraðar haustið 2025 til þess að kanna jarðhitann í Meitlunum norðarnverðum. Nýtt jarðhitasvæði í Hverahlíð II verður kannað með vinnslu- og rannsóknarholum. Vinnsluboranir á nýjum teigum í Hverahlíð (gulir kassar 1 og 3) eru planaðar sumarið 2026 og eru staðsettar nærri núverandi vinnslusvæði. Tvær rannsóknarholur verða boraðar um svipað leiti (fjólubláir kassar 6 og 9) með það að markmiði að kanna auðlindina sunnan við núverandi vinnslusvæði í Hverahlíð. Niðurstöður þessara rannsóknarborana verður lykillinn að ákvarðanatöku framtíðarborana í Hverahlíð. Mikið samráð er á milli verkefnahópa þessara verkefna og tímalínur þeirra samstillar.



Mynd 2. Yfirlitsmynd yfir Meitla norðanverða og Hverahlíð II. Bláleit svæði eru iðnaðarsvæði og grænir flákar sýna nýtt svæði sem lagt er til í aðalskipulagsbreytingu. Fjólubláir kassar eru planaðar rannsóknarholur og gulir kassar sýna borsvæði fyrir vinnsluholur. Svartir punktar eru hnit á rannsóknarholum, HR-01 og HR-02. Rauðar línur sýna ofanavarp borholuferla á yfirborð.

Við gerð deiliskipulags fyrir Hverahlíð II kom fram ábending frá umhverfis- og landgræðslustjóra ON, Sjálfbærni- og umhverfisteymi og Lóðum og lendum Orkuveitunnar þess efnis að tillögur um deiliskipulag hvað varðar vegslóða og borstæði samræmdust ekki áður gerðu korti frá 2009 þar sem ætlunin hafi verið að vernda ákveðin svæði á landi Orkuveitunnar. Þá hófst samtal og innra samráð að nýju. Þónokkrir fundir áttu sér stað og ítarleg skoðun á möguleikum í málinu og reyndist farsælast að breyta að hluta fyrri áætlunum. Þá lagði faghópur Nýrra orkukosta til við Stýrihóp Nýrra orkukosta að samþykkt yrði eftirfarandi bókun fyrir verkefnið Hverahlíð II og Meitlar um framhald þess:

Faghópur leggur til að forðast eða lágmarka rask innan Eldborgarlandslagsheildar eins og kostur er. Lagt er til að stýrihópur samþykki að rannsóknarborun vegna holu 13 verði framkvæmd með stefnuborun frá HR-02 og hugmynd um lóðréttu borun rannsóknarborhola nr. 13 því frestað að sinni og þar með slóðagerð innan landslagsheildarinnar. Markmiðið með stefnuborun frá HR-02 er að nálgast sömu upplýsingar og fengjust með borun á holu 13.

Ekki er lokað á möguleika þess að borað verði innan Eldborgarlandslagsheildar í framtíðinni ef niðurstöður aðliggjandi rannsóknarborhola gefa ríka ástæðu til þess. Ákvörðun vegna þessa yrði tekin sérstaklega á grunni fyrirliggjandi gagna.

Lögð verði áhersla á að huga vel að útivist á svæðinu í samræmi við þá hverfisvernd sem gildir í aðalskipulagi og niðurstöður umhverfismats.

Sterk rök eru fyrir því að bora vinnsluholu í Lakakrók en skoðað verður hvort slóðagerð upp á Norðurhálsa geti verið austan megin. Með því myndi einnig skapast tækifæri til að bæta aðgengi útivistarfólks að Skálafellssvæði.

Mat á umhverfisáhrifum fyrir svæðin er nú á lokametrum og stefnt er á að senda til Skipulagsstofnunar öðru hvoru megin við áramótin. Hefst þá umsagnarferli og opið samráð og í kjölfarið skoðun stofnunarinnar.

Ný svæði - Vindur

Matslýsing fyrir Dyraveg var nýverið send til Skipulagsstofnunar til umfjöllunar og er á næstu dögum áætlað að senda endurskoða matslýsingu sem verður í kjölfarið kynnt umsagnaraðilum og sett í almenna auglýsingu, að því gefnu að Skipulagsstofnun telji hana fullmótaða. Þá er verið að leggja lokahönd á samning um fuglarannsóknir á svæðunum.

Fyrirtækið Ge:Net, sem samið var við í kjölfar útboðs á mælitækjum fyrir vindmælingar heimsótti framkvæmdasvæðin í vikunni sem leið og voru gerðar rannsóknir á jarðvegi svæðanna. Gert er ráð fyrir að mælingar hefjist með vorinu 2025.

Ný svæði - Vatnsafl

Verið er að leggja lokahönd á forathugun 8 vatnsaflskosta og eru hafnar frekari greiningar á þeim niðurstöðum.

Nýsköpun Auðlinda – Sameining hitaveitukerfis höfuðborgarsvæðisins

Stærsta nýsköpunarverkefni sem unnið er af RoN fyrir Veitur og ON snýr að sameiningu hitaveitukerfis höfuðborgarsvæðisins (blöndunarverkefnið). Sameiningu hitaveitukerfisins verður náð fram með breyttri framleiðslu á heitu vatni í virkjunum ON þannig að framleitt sé vatn sem má blanda við heitt vatn úr lágghitasvæðum Veitna á höfuðborgarsvæðinu. Tilraunir síðustu ára hafa gefið góða raun og sýnt að hægt er að búa til vatn í virkjunum sem má blanda við lágghitavatn á höfuðborgarsvæðinu. Á þessu ári hefur verið sett upp tilraunakerfi í varmastöð á Hellisheiði með 10 l/s flæði. Tilgangur þess kerfis er að prófa fýsileika keyrslu á breyttri framleiðslu heits vatns í virkjunum, hvað varðar rekstur og kostnað. Vatni var hleypt á kerfið í lok nóvember og það verður formlega tekið í rekstur um miðjan desember. Búast má við niðurstöðu um fýsileika þessa stóra verkefnis um mitt ár 2025. Þá verður tekin ákvörðun um frekara framhald verkefnisins.

Nýsköpun Auðlinda – Fljótandi vindmyllur

Áætlað er að sækja um styrk fyrir 4. febrúar 2025 til uppbyggingar á 4 MW fljótandi vindmyllu. Ef styrkur fæst yrði verkefnið unnið í samvinnu við hóp alþjóðlegra samstarfsaðila með það að markmiði að þróa áfram málefni vindorku á sjó á Íslandi. Ákvörðun um þátttöku í styrkumsókn byggist á samþykki aðfangaráðs Orkuveitunnar þar sem samþykkja þarf mótframlag vegna styrksins. Farið verður fyrir aðfangaráð þriðjudaginn 17. desember. Betur verður upplýst um þessi áform þegar samþykki aðfangaráðs liggur fyrir og gerð styrkumsóknar er komin lengra á veg.

Önnur nýsköpunarverkefni hjá RoN

Önnur nýsköpunarverkefni sem eru í startholunum eru m.a. almenn könnun á framleiðslu rafmagns úr heitustu lágghitaholum Veitna og skoðun á nýtingu aukaafurða í virkjunum og fráveitu. Einnig er unnið að samvinnuverkefni með Bjargi íbúðafélagi þar sem settar verða upp sólarsellur og batterí á þak fjölbýlishúss. Hlutverk Orkuveitunnar í sólarselluverkefninu er að skoða sölu á rafmagni inn á kerfi Veitna í tæknilegu samhengi og í samhengi við regluverk um raforkusölu og –dreifingu. Í janúar

hefst svo stórt styrkverkefni sem heitir ICEWATER og snýr að starfsemi Veitna og ON. Styrkurinn mun m.a. koma inn í verkefni í fráveitunni sem snúa að því að bæta vatnsgæði í Tjörninni og að verkefni ON á Nesjavöllum þar sem kælitjarnir verða settar upp til að minnka varmamengun vegna virkjunarinnar.

Borútboð

Orkuveitan bauð út 35 borholur sem á að bora í lághitasvæðum fyrir Veitur og rannsóknarholur umhverfis Hengilinn fyrir Orkuveituna og var North Tech Drilling (NTD) lægstbjóðandi. Veitur eiga 24 borholur í þessu útboði, þar af 18 skuldbundnar og 6 valkvæðar og Orkuveitan á 11 borholur, þar af 7 skuldbundar og 4 valkvæðar. Heildarfjárhæð samnings var um 4,6 milljarðar sem er um 5,1 milljörðum lægra heldur en næsta tilboð. Ákvörðun var tekin þann 23. október 2024 í stýrihópi borútboðsins að fara áfram í undirskrift samnings með þann fyrirvara að tilboð NTD væri gilt og jákvæðar niðurstöður kæmi úr áreiðanleikakönnun. Búið er að ganga úr skugga um að tilboð NTD sé gilt og skrifað verður undir samning við NTD fyrir hátíðarnar, ef tilheyrandi samþykki fæst fyrir þann tíma. Borun mun hefjast í lok sumars 2025 og samkvæmt áætlun þá mun borun standa yfir næstu þrjú til fjögur ár.

Rannsóknir og nýsköpun koma að þessu verkefni með verkefnastýringu heildaráætlunar borana, með áætlanagerð og með undirbúningi fyrir rannsóknarholur umhverfis Hengilinn, Einnig með verkefnastýringu einstakra framkvæmdaverkefna eða borana, ráðgjöf fyrir umhverfis- og auðlindamál sem tengjast borverkum ásamt því að tryggja farsælan framgang og að boranir nái tilsettum markmiðum.